



## Húnathing vestra

Hvammstangabraut 5 • 530 Hvammstangi  
Sími 455 2400 • Fax 455 2409  
www.hunathing.is • Kt. 540598-2829

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið  
Sölvhólsögötu 7  
101 Reykjavík

Hvammstangi, 28. október 2019

**Efni: Bókun byggðarráðs Húnathing vestra um drög að fimmtán ára samgönguáætlun 2020-2034 og fimm ára aðgerðaáætlun 2020-2024, mál nr. 257/2019 í samráðsgátt stjórnvalda.**

Á 1019. fundi byggðarráðs Húnathing vestra þann 28. október 2019 var eftirfarandi fært til bókar við 5. lið:

**„Fimmtán ára samgönguáætlun 2020-2034 og fimm ára aðgerðaáætlun 2020-2024**  
Lögð er fram eftirfarandi bókun:

„Byggðarráð Húnathing vestra fagnar því að framkvæmdir við veg 711, Vatnsnesveg, sé að finna í fimmtán ára samgönguáætlun fyrir árin 2020-2034. Tekið er tillit til áherslu sveitarstjórnar Húnathing vestra að vegurinn sé ekki fjármagnaður úr tengivegapotti enda hefði það líklega seinkað öðrum nauðsynlegum tengivegabótum á svæðinu.

Byggðarráð Húnathing vestra ítrekar nauðsyn þess að framkvæmdir við skólaakstursleiðir verði settar í forgang innan samgönguáætlunar. Grunnskólabörn sem búa við veg 711 þurfa að fara í skólabíl um veginn tvisvar á dag, hvern virkan dag, níu mánuði ársins, í tíu ár. Þannig velkjast börnin á vondum vegi, á lágmarkshraða, með tilheyrandi óþægindum og nú í haust hefur daglegur ferðatími skólabíla lengst um 40 mínútur vegna óviðunandi ástands vegarins.

Mælingar sýna að veruleg umferðaraukning hefur orðið um veg 711 og telur byggðarráð varhugavert að slá af öryggiskröfum á þeim köflum vegarins þar sem umferð skólabíla er enda hefur aukin umferð haft í för með sér aukna slysatíðni, s.s. útafakstur og bílveltur.

Það veldur byggðarráði Húnathing vestra verulegum vonbrigðum að framkvæmdir við veg 711 séu ekki fyrirhugaðar fyrr en á þriðja tímabili áætlunarinnar á árunum 2029-2034. Byggðarráð telur afar brýnt að framkvæmdinni verði flýtt og sett á fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2020-2024 þannig að vinna við hönnun og framkvæmdir hefjist tafarlaust.“

Virðingarfyllt,

  
Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir, sveitarstjóri.

